

Ágangur Láxár, S.-Ping.

1952 og jan. 1955

3. júní 1955

S.Rist/gs

Efnisyfirlit:

Inngangsort.

- |                  |                       |
|------------------|-----------------------|
| I. kafli .....   | ismyndun              |
| II. kafli .....  | Vatnsborðshækkun Laxá |
| III. kafli ..... | Ræð til úrbóta        |

Myndir.

Rafstöðvarhúsið 18. jan. 1955

Frárennslí 18. jan. 1955

Vestur með Grenjabarstaðurbrekum 20. jan. 1955

Út breiðuna (hæla nr.) 20. jan. 1955

Sprengt frá frárennslí 20. jan. 1955

Línurit -- vatnsborðshækkun Fnr. 2813

## Ágangur Laxár.

"Það kalla menn ágang, er ár flóa yfir bakka sína á vetrum, af því grunnstingull hefir fyllt botninn og stöðvað rennslið, slikt verður oftast í jökulám, sjaldan í bergvötnum, því þau frjósa vanalega að ofan."

Þetta segir Þorvaldur Thoroddsen í "Lýsingu Íslands" I bls. 287.

Um miðjan jan. 1955 hléðst krap og ís í farveg Laxár, neðan rafstöðvarinnar nýju, með þeim afleiðingum að orkuverið varð óstarfheft um neldkurn tíma sökum vatnsborðshakkunar við frárennslið. Hér mun ekki nánar rett um ástand og rekstur stöðvarinnar á þessu tímabili, því skýrslu um það er að finna í dagbókum vélgezlunnar.

Dagana 18.-20. jan. athugaði ég ísstífluna og setti hæla meðfram ísbunkanum. 21. og 22. maí sl. hallameldi ég milli þeirra og í skýrslu þessari er að finna niðurstöður frá þessum ferðum og annan fróðleik, sem varðar ágang vatnssfalla. í 1. kafla verður rett um ísmyndun, 2. kafla vatnsborðshakkun Laxár og 3. kafla ráð til úrbóta.

### I. kafli. Ísmyndun.

Eg varð þess áskynja, að það var álit manna er lítt voru kunnugir staðháttum norður þar, að hér væri um eina ísstíflu að reða, sem girti yfir farveginn á mjóu beltí, og sem auðveldlega metti sprengja burt, og komist þá allt í lag. Þessu var alls ekki þannig varið. Hér var um ágang að reða eins og Þorvaldur skýrir þetta fyrirbrigði, farvegurinn fullur af krapi á löngum kafla. Æður en ágangnum sjálfum verður lýst, skal drepið á þau atriði, er ísmyndun valda.

Rússneski vísindamaðurinn W.J. Altberg hefur rannsakað ísmynndun um 20 ára skeið og birt niðurstöður sínar í Ass. Int. d'Hydrologie Scientifique Bull. nr. 23 Riga 1938 bls. 373-407. Útdrátturinn í stuttu máli: Eftir að vatnið hefur kólnað niður í + 0,01 + 0,1°C myndast ís í þillu þversniðinu (Turbulence rannsli). Sankvant rannsóknun hans eru skil-yrði fyrir ískristöllum sem hér segir:

1. Ástand vatnsins við undirkelingu (thermodynamiskur háttur)
2. Hvirfilsstraumar, sem auðvelda útbreiðslu hitans (dynamiskur háttur).
3. Tilvera rykkorna, sem dreyfð eru um vatnið, smá-ójöfnur í botninum, eða yfirborð hluta, sem eru í vatninu.
4. Stöðug hitaleiðsla til hins kalda lofta, sem snertir yfirborð vatnsins.

Kristalskornin eru fullkomalega eins, hvort sem þau myndast við betn eða uppi í vatninu.

Þegar vatn frýs hratt í straumharðri á, verður til mikill fjöldi smárra kristalla, sem fljóta ekki upp á yfirborðið þótt þeir hafi sölisþyngdina 0,9167 gr./cm<sup>3</sup>, en vatnið að 5°C leyti, sem þeir svifa í 0,99987 gr./cm<sup>3</sup> (við 0°C). Og þótt þeir nái upp á yfirborðið sem snüggvast, þá farir straumiðan þá óðar í kaf aftur. Þetta er kallað "Sorbet". Þetta var stuttur útdráttur Altberg.

Komi nú án niður á ílatlendi minnkars straumurinn, ískristallarnir fljóta stöðugt á yfirborðinu, rekast hver á annan og mynda brátt hrínglaga íshellur, sem vaxa eftir því sem án ber ber lengra. Við það að rekast saman myndast á þeim kantur.

þar verða eins og diskur í lúgum, slettur af öldugangi, t.d. vindur, farir vatn inn á íshelludiskinn, sem nái at frjósa þar, svo eftir nokkurra km. leið er kjarni disksins orðinn eins og íshella eða ofurliftill jakki. Þessar íshellur þekja stöðugt meir og meir af yfirborði árinnar þess lengur sem þar berast með straumnum.

Betta fyrirbrigði er kallað krapaför eða isskrið. Reglur um krapaför hafa verið settar fram á sterðfrembi- legan hátt af Schoklitsch í Wasserbau, Vín 1930. Útdráttur hans er á þessa leið: "Ef  $B$  er breidd vatnsflatarins,  $V$  meðalhraði vatnsyfirborðsins og  $I$   $\angle$  <sup>isþaK4</sup> 1 hluta vatnsflat- arins, og héreftir verður nefnt "ísbreiðustigið", þá fest ismagnið, sem fer í gegnum tvö þversnið í ánni (hvert á eftir öðru) 1 og 2.

$Il \cdot Bl \cdot Vl = I2 \cdot B2 \cdot V2$  ( $m^2/sek$ ) ... 1 líking, sem segir, þegar um er at xuða stöðugt eða jafnt isskrið, at margfeldi hinna þriggja sterða er konstant í öllum þver- sniðum árfarvegsins, eða með örnum orðum, at ef ein sterðin breytist, breytast hinar tvar sümuleiðis. Ef gert er ráð fyrir því at ismagnið pr. tímaeiningu, sem streymir gegnum eitt þversnið sé konstant, þá koma eftirfarandi tilfelli til greina. a1) Vatnsmagn árinnar breytist (þegar isskrið er í ánni minnkar það venjulega). Gerum ráð fyrir að vatnsborðið lækki. Breidd og hraði minnkar sümuleiðis og af því leiðir að ísbreiðustigið vex (af hydrologiskum ástæðum). a2) Gert er ráð fyrir því að breiddin sé konstant og að hraðinn breytist (ef hallinn breytist t.d.) Sé sett inn  $Bl = B2$ , fast formulan  $\frac{I2}{Il} = \frac{Vl}{V2}$

p.e.a.s. ísbreiðustigið breytist í 8fugu hlutfalli við hraðann. Með öllum orðum, minnkandi hrati hefur í för með sér herra ísbreiðustig, þar eð hraðinn stendur í beinu hlutfalli við dýpið og hallinn( $V=K \cdot R^{\frac{3}{2}} \cdot jn.$ ) Þá hækkar ísbreiðustigið allsstaðar þar sem hallinn og meðalvatns-dýpið minnkar. a3) Gerum nái fyrir því, að hraðinn haldist óbreyttur, en árbreiddin breytist, p.e.  $V_1 = V_2$  og  $\frac{I_2}{I_1} = \frac{R_1}{R_2}$  p.e. ísbreiðustigið stendur í 8fugu hlutfalli við breiddina. Það leiðir af sjálfu sér, að sama ísmagn tekur yfir sterri hluta af vatnsfírbortinu þar sem það er lítið en þar sem það er stórt og 8flugt.

b) Halli farvegsins minnkar smán saman frá upptökum til ósa. Hii ideala lengdarsins er íhvolf kúrfa (séð ofan að og niður eftir) sem hefur láréttan snertil í ósnum. Þar eð hraðinn fer minnkandi með minnkandi halla, vex ísmagnunin eftir því sem nær dregur ósnum.

#### II. kafli. Vatnsborðshækum Laxá.

Eins og að framan segir, telur Þorvaldur Thoroddsen að farvegir bergvatna fyllist sjaldan af grunnstingul og valdi því ekki ágangi, "því að þau frjósa vanalega að ofan". Þessi skilgreining á vel við dragárnar, þar eru vatnslitlar er þær frjósa og efri hluti þeirra frýs nær undantekningarálaust fyrst og þótt vatnsborð þeirra hækki er þær frjósa, fer það sjaldan yfir hestu flóðamörk. Hii gagnsteða á sér stað með lindárnar, t.d. Laxá í S.-Þing. Laxá er venjulegast alauð, allt frá upptökunum neðan Mývatns og út til sjávar. Á vetrinum er vatnshitinn venjulegast  $0,6^{\circ}\text{C}$  á rennslinu fyrir Mývatni, þó 8rlitið breyti-legur eftir ísalögum Mývatns, sbr. skilgrein nr. 5 og 55.

Vatnið verður því að kólna áður en það nær til að frjósa. Þfsti hluti árinnar er því alauður, en er kemur nokkuð niður í Laxárdalinn, taka ískristallar að myndast í vatnini. Þegar fresthörkur gagna og stormur er striður, þá er yfirborðskosningin mikil. Skarir myndast við bakkana og vatnsborðið leggur á öllum lygnum blettum. "Sorbet" vex stöðugt í vatninu og nær hómarki neðst í Laxárgljúfrinu hjá rafstöðinni. Þar skiftir farvegurinn snögglega um ástand, krapið nær að fljóta upp á hinum hallalitla landi. Isbreiðustigið verður strax hátt og hekkar þó enn á leiðinni út Ábaldalinn, og að lokum á sér stað íshellumyndun. Að því er upplýsingar greina stöðvast ísrekið um miðjan jan. sl. út hjá Hólmavatn, og þaðan skreið íshellumyndunin hratt upp ána, með 10-25 cm hraða á sólarhring á leiðinni upp að flúðunum neðan rafstöðvarinnar. Vatnsborðshækjunin á þessari leið var nál. 1/2-lm. Þegar fallið tók að aukast norðan við rafstöðina skreið íshellumyndunin afar hnæt áleiðis upp ána með þeim afleiðingum að mikil krap og jakahrüngl náiði að safnast að ísbrúnni og þrengja þannig farveginn og hekkja vatnsborðið, en íshellan sem neðar lá varð sterk sve að hún þoldi pessa vatnsborðshækjun og þá áraun sem á henni hvíldi. Íshellumyndunin þokabist afar hnæt upp eftir og náiði að lokum (17. júní) upp á móts við nyrðri enda garðsins, sem er á milli Laxár og frárennslisvatns nýja orkuversins, lengra komst íshellumyndunin ekki upp ána og hafði þá valdið þeirri vatnsborðshækjun, er eftirfarandi tafla greinir.

Um 25 m sunnan orkuversins er fast merki HS gjört af Rögnvaldi Þorlákssyni verkfr., sem hann telur í haðinni 48,28 og allir kótar rafstöðvarinnar eru miðaðir við.

Taflan sýnir vatnsborðshækjunina, sem varð veturinn 1952 og í janúar 1955 og er hún miðuð við H-8 í kóta 48,28.

Hæð y.s. m	Hallamæling austan Laxáar	Stábur	Vatnsborðs- hækjun m
41,3	0	Pallur yfir útrennsli	
42,3	0	Hæsta v.b. 17. jan. 1955	2,9
39,4	0	V.b. 20. maí 1955	
42,2	150	Hæll frá 1952	6,3
41,0	200	Hæll 6, 18. jan 1955	6,1
34,9	"	V.b. 20. maí 1955 e.v. aðalstr.	
33,5	310	V.b. 20. maí 1955	
31,9	500	V.b. 20. maí 1955 efst á breiðunni	
36,3	850	Hæll frá 1952	4,6
31,7	"	V.b. 20. maí 1955	
36,8	"	Hæll nr. 7 18. jan. 1955	5,1
33,6	1200	Hæll nr. 8 18. jan. 1955	2,0
31,6	"	V.b. 20. maí 1955	
32,2	1850	Hæll nr. 9 18. jan. 1955	1,0
31,2	1850	V.b. 20. maí 1955	

Hallameling vestan Laxár.

Höð y.s. m	Lengd frá raiist. II m	Staður	Vatnsborðsh. m
44,0	30	Móti garðsenda	5,0
41,6	80	Hell 3 18.jan.1955	5,6
41,1	150	Hell 2 18.jan.1955	5,0
40,9	230	Hell 1 18.jan.1955	6,4
38,7	"	Lágskarð	
34,4	"	V.b. 20.mai 1955	
36,3	235	5 m vestan við hrygg í farvegi	
38,5	525	Hell 4 upp í brekku	
35,6	525	í "farvegi" undir brekku	
35,3	800	" " "	
34,9	1000	undan Grenjáarst.	

Töflur þessar eru greiptar í línumit hér á eftir Fnr 2813

Pegar taflan er athugið sést strax að mest er vatnsborðshækjunin í gilkjaftinum 100-200 m neðan rafstöðvarinnar, þ.e.a.s. á þeim kafla, sem íshellumyndunin skreið afarhægt uppeftir og stöðvaðist með öllu að lokum. Þetta er hið alkunna frá nörgum örnum fallvötnum landsins. Vatnsborð Hvítár í Arnessýslu hekkar mest á mörkum flatlendisins og gilsins undan Skipholti. Þar hleðst krapið saman í bælti eða gjarðir líkt og svigbur á jökli. Þar þokast íshellumyndunin afarhægt upp ána. Yfirborðið ner ekki til að frjósa fyrir en straumurinn er orðinn lítill sem enginn. En straumurinn myndast ofan við íshelluna og þannig þokast íshellumyndunin upp strengina í Hvítárgljúfrinu. Svipuð er saga Þjórsár hjá Urriðafossi.

Fessum frýs ekki fyrr en fyllan neðan við hann hefur lyft vatnsborðinu jafnt efri brún hans. Þá tekur íshellumyndunin að þokast lengra upp Þjórsárgilið, sbr. skilagrein. Íg hef eft spurt samferðamenn mína eða aðra glüggja menn, er ég hitti á sumrum náilegt nefndum án eða hliðstæðum vatnsföllum, hvar þeir álfiti að árnar haldi mest af völdum íss á vetrum. Svarið er venjulegast á þá und að þeir álfiti þer hakka mest þar sem þer hakka minnst e.s.s.frv. Íg bendi á þetta hér til að sýna að varhugavert er að draga ályktanir að óathuguðu mál. Eitt atriði hjálpar stórlæga til að viðhalda þessari villu, en það er misskynjun. Þegar horft er niður eftir ísfylltri á, eins og t.d. Laxá neðan rafstöðvarinnar, virðist ísbreiðan vera lárétt. Við Laxá héldu nokkrir aðvifandi menn því blá-kalt fram við mig að íshellan veri alveg lárétt og vatnsstaða þá eins há út á Breiðumni eins og upp við rafstöðina. Sé litlu á töfluna, sést hvílik fjarstuða þetta er.

Eftir áramót 1947/48 fór Rúgnvaldur Þorláksson, verkfr., norður að Laxá til að öðlast upplýsingar um hve vatnsborð hafði stigið hátt á þeim stað er rafstöðinni var valinn staður. Elstu menn fullxyrtu að það fari ekki upp fyrir klapparhorn, sem reyndist í kóta 40. Á þessum forsendum var verkið hafið, en í apr. 1952 sté vatnsborðið upp í kóta 44,05 og nú í jan. sl. í kóta 423 m.

### III. kasti. Réð til úrbóta.

Eins og áður er að viltið vertur ágangsstifla Laxár ekki fjarlagð með sprengingum einum saman.

Helsta ráðið, sem kemur til greina er að hafa "neyðarfárfarveg" fyrir Laxá, ef sve matti kalla. Ef meðfylgjandi myndir eru athugaðar, kemur í ljós að þegar Laxá hafði fyllt farveg sinn á Breiðunni, þá nái hún sér (19. jan.) yfir hraunhaftið vestan

ár og flóði fram með Grenjáðarstaðabrekku. Hér tel ég ekki ár vugi að hafa neyðarfárvæg fyrir Laxá. Ég hef rutt þetta við stöðvarstj. Ágúst Halblaub. Hann telur sjálfsagt að reyna allt sem komið getur til mæla að hesta úr þessum vanda, en hefur bent réttilega á að ef án síilar ekki krapinu áfram á þessari leið, er hún ekki lengi að fylla þennan færveg og það svæti sem að honum lítur. Þar sem án flóði yfir hraunkambinn, er djúp gjá og af vestari gjábarminnum myndastist um 2ja metra fall í ánni. Rennslið 18.-20. jan. var þarna  $25-30 \text{ m}^3/\text{s}$  en heildarrennslið  $47 \text{ m}^3/\text{s}$ , sem er nokkru yfir meðalrennsli. Flóðgáttin hjá Haganesi var opnuð meir en vant er nokkrum dögum áður en krapastíflan bar að garði. Írið 1952 var rennslið sömuleiðis yfir metallag, dagana þegar ágengjur Laxá var mestur. Í skilagrein 5 og síðar í skilagrein 55 hef ég minnst á hve hattulegt það er að auka rennsli árinna, þegar farvegurinn er klakastorkinn. Það verður til þess að skarir brotna upp sve að í krapagrautnum ber meir á jökum heldur en ástæða er til. Þeir Laxá hafði í frammi ágang 1952 og nái í jan. 1955 var auður áll í boði skiptin eftir Breiðunni hjá Birningsstöðum. Aftur á móti hefur Breiðuna nái nokkrum sinnum til að leggja á því tímabili, sem athuganir nái yfir. Og þá hefur krap hlaðist saman við suðurnörk Breiðunnar. Þeir ég hitti Birningstaðabréður 20. jan. sl. undruðust þeir að Breiðan skyldi ekki vera alllögð í þeim miklu frostum, sem þá genga. Skýringin er vart önnur en rennslisaukingin í Nývatni meðan á frostunum stóð. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á, eins og ég hef gert oft áður, að ég tel ekki rétt að nota Geirastátaskurði, þegar til kemur, sem varaskeifur, sem yrði opnaður þegar Syðsta-kvísl lekast. Með því móti myndast hattuleg flóðbylgja. Tel því rétt

að hafa hann alltaf opinn að vetrinum til og þar með er garður yfir Breiðuna neðan Mývatns óparfur.

Eg vík þá nánar að þeim möguleika að veita ánni vestur með Grenjabærstaðabrekki. Lítillega þarf að sprengja hjá gjánni sem áður er nefnd, hjá hel I, en jarðyta mun að mestu leyti geta unnið á hrauninu þarna. Það er áriðandi að fara ekki neðar með farveginn en brjñasta þörf er á vegna vélanna, því það er ávinnungur að geta lyft vatnsborðinu sem mest áður en ánni er hleypt í neyðarfарveginne. Hvað vélar rafstöðvarinnar þóla mikla vatnsberðshækun á bakvatninu er mér ókunnugt um, en tel nestum gegna furðu að vatnsvélin skyldi ekki þóla þá hekkun sem varð sl. vetur.

Hjá hel II er nokkurt flatt skarð í hrauhrygginn, þar flæðir yfir þegar vatnshæðin er komin upp í kóta 41. Þar er nauðsynlegt að hlaða 1-2 m háan garð svo að fært verði út að stað nr. I. Það er slant að láta ána flæða strax eftir farveginum gegnum hrauhrygginn, þegar án hefur náð botni farvegsins, þess vegna er nauðsynlegt að hafa vatnshelða stíflu í neyðarfarveginum gegnum hraunhaftið. Þún má gjarnan vera ómerkileg timburstifla, sem sprengd yrði svo burt þegar á þyrfti að halda.

Áður en fyrr var það venja að hreinsa grjót burt sem Laxá bar upp á Grenjabærstaðaengi á vetrum, að því er presturinn, Sigurður Guðmundsson, sagði mér. En nú er hatt við það, enda er það sem engi var áður nú meir og meir notað sem bitagi. Áður en hraunhaftið verður sprengt sundur, tel ég þó rétt að athugað sé hvort landeigendur telja sig þurfa að fá bættan skaðann ef ánnivvertur beint út með Grenjabærstaðabrekki, þegar is hefur lokað aðalfarveginum.

Reykjavík, 4. Júní, 1955  
Sigurður Þorláksson

Ratorkumálastjóri.

Laxá á S-ping.  
Vatnsb. hækkun nedan Loxón  
II

2/6 '55 S. Rist  
Tnr 136  
B2M-24/B3<sup>32</sup>/<sub>12</sub>  
Fn. 2813

